

ÁRSSKÝRSLA

ADHD Samtakanna

2021





Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
Yfirlit mynda	ii
1 Ársskýrsla ADHD Samtakanna fyrir árið 2021	1
2 Fræðsluefni – Útgáfa	2
2.1 Bæklingar	2
2.2 Útgáfa bóka	3
2.3 Fræðslu- og kynningarmyndbönd	3
2.4 Endurskinsmerki ADHD Samtakanna	4
3 Starfsemi ársins	4
3.1 Styrkir	4
3.2 Hvatningarverðlaun ADHD Samtakanna	5
3.3 Kjóstu ADHD	6
3.4 Biðlistana burtu – nýtt fyrirkomulag greininga og þjónustu hins opinbera	7
3.5 Námskeið og fræðsla	7
3.5.1 Ég get	7
3.5.2 Taktu stjórnina	8
3.5.3 Áfram stelpur	8
3.5.4 Foreldranámskeið	8
3.5.5 TÍA – tómstundir, íþróttir og ADHD	8
4 Ytri markaðsetning	9
4.1 Samfélagsmiðlar	9
4.2 ADHD í Beinni	9
4.3 Lífið með ADHD	9
4.4 Málþing	10
4.5 Fjölmiðlaumfjöllun	11
4.6 Ályktanir og umsagnir	12
4.7 Landsbyggðin	12
5 Samstarf	13
5.1 Norrænt samstarf	13
5.2 ADHD Europe	13
5.3 Samstarf og starfshópar	13
5.4 Helstu áherslur	14
6 Starfsmannamál	15
7 Stjórn samtakanna	16
Ársreikningur	1

Yfirlit mynda

Mynd 1 Útgefnir bæklingar samtakanna	2
Mynd 2 Bækur sem samtökin eru með í sölu	3
Mynd 3 Endurskinsmerki ársins 2021, til vinstri og Hrannar B. Arnarsson framkvæmdarstjóri samtakanna ásamt Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra	4
Mynd 4 Urður Njarðvík fyrsti handhafi hvatningarverðlauna ADHD Samtakanna. Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti henni verðlaunin ásamt Vilhjálmí Hjálmarssyni, formanni ADHD samtakanna	5
Mynd 5 Logo verkefnisins Kjóstu ADHD	6
Mynd 6 Námskeið ársins 2021	8



Mynd 7	Merki ADHD í Beinni	9
Mynd 8	Hlaðvarp samtakanna, Lífið með ADHD.....	10
Mynd 9	Yfirskrift málþingsins – Orkuboltar og íþróttir	10
Mynd 10	Umfjöllun um samtökin eða málefni einstaklinga með ADHD á árinu 2021	11
Mynd 11	Merki útibúa ADHD samtakanna	12
Mynd 12	Lógó ADHD Europe.....	13
Mynd 13	Stjórn ADHD Samtakanna árið 2021-2022.....	16

1 Ársskýrsla ADHD Samtakanna fyrir árið 2021

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og hétu upprunalega foreldrafélag misþroska barna.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Árið 2021 var um margt óvenjulegt. Sökum útbreiðslu Covid-19 og ástandsins í þjóðfélaginu sem skapaðist í kjölfarið þurftu samtökin að aðlaga starfsemi sína verulega.

Eftir sem áður tókst að efla starfsemi samtakanna umtalsvert á árinu, ekki síst námskeiðahald og þjónustu við landsbyggðina og reyndu samtökin af fremsta megni að koma til móts við félagsmenn sína með nýjum leiðum. Til þess voru stafrænar lausnir nýttar til hins ítrasta eftir því sem við var komið.

Félagsmönnum hélt áfram að fjölga á árinu. Í árslok voru þeir 3.616 og var aukningin milli ára um 17%. Ein skráning gildir fyrir hverja fjölskyldu en bak við þá tölu reynast yfirleitt mun fleiri þar sem ekki er óalgengt að aðrir fjölskyldumeðlimir glími einnig við röskunina.

Starfsemi samtakanna flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu Félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Á þeim grunni var gerður þjónustusamningur við Félags- og barnamálaráðuneytið en auk þess nutu samtökin veglegra styrkja frá Heilbrigðisráðuneyti og Reykjavíkurborg vegna starfseminnar á árinu.

Skrifstofa samtakanna var opin alla virka daga ársins frá kl. 13-16, einnig í júlímánuði ólíkt því sem verið hefur. Samtökin veita fullorðnum, foreldrum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og sinna þeim sem á skrifstofuna leita. Gott samstarf er milli ýmissa félagasamtaka, sem öll deila húsnæði að Háaleitisbraut 13, og er það sífellt að aukast. ADHD samtökin eru þar að auki eitt af stofnfélögum Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar.

Ársskýrsla ADHD samtakanna miðast við almanaksárið í samræmi við ársreikninginn og á að gefa gott yfirlit yfir starfsemi félagsins og helstu verkefni.



Mynd 1 Útgefnir bæklingar samtakanna

2 Fræðsluefni – Útgáfa

2.1 Bæklingar

ADHD samtökin hafa verið öflug í útgáfu bóka og fræðslubæklinga. Nýir bæklingar eru gefnir út árlega og þeir eldri endurprentaðir reglulega. Einnig er unnið að þýðingu fræðslubæklinganna yfir á ensku og pólsku til að mæta þörfum sem flestra í íslensku samfélagi. Fræðslubæklingarnir eru endurgjaldslausir og standa öllum til boða. Þá er einnig að finna í rafrænni útgáfu á vefsíðu samtakanna www.adhd.is

Þeir bæklingar sem samtökin hafa gefið út eru:

- Hvað er ADHD? (almennur fræðslubæklingur um ADHD) (2011, endurbættur 2021)
- What is ADHD? (sami bæklingur á ensku) (2016)
- Co to Jest? (sami bæklingur á pólsku) (2016)
- Börn og ADHD (2011). Endurbætt útgáfa (2019)
- Children and ADHD. Sami bæklingur á ensku (2019)
- Dzieci i ADHD. Sami bæklingur á pólsku (2019)
- Stúlkur og ADHD (2011)
- Ha, ertu að tala við mig? (sjálfshjálparbæklingur fyrir eldri börn og unglinga) (2012)
- ADHD utan skólafunnar (ætlaður starfsfólki grunnskóla) (2013)
- Unglingar og ADHD (2014)
- Náin sambönd og ADHD (2016)
- Afbrot og ADHD (2016)
- Systkini og ADHD (2018)
- Atvinna og ADHD (2019)
- Fullorðnir og ADHD (2011). Endurbætt útgáfa (2020)
- Adults and ADHD. Sami bæklingur á ensku (2020)
- Dorosli i ADHD. Sami bæklingur á pólsku (2020)

2.2 Útgáfa bóka

Á árinu var útgáfuréttur af bókunum Hámarksárangur í námi með ADHD og verkefnabók með sama titli, keyptur af höfundum þeirra, Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur, en bækurnar hafa verið seldar hjá ADHD samtökunum í fjölda ára. Bækur ADHD samtakanna eru því þessar:

- ADHD og farsæl skólaganga (2013 í samvinnu við Námsgagnastofnun. Endurútgefið (2015)
- Leynardómar heilans – láttu verkin tala (2014)
- Leikskólar og ADHD (2015)
- Ferðalag í flughálfu unglingar og ADHD (2017). Endurútgefin (2021)
- Elli – Dagur í lífi drengs með ADHD (2020)
- Hámarksárangur í námi með ADHD (2010 útgefin af Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur – útgáfuréttur keyptur 2021)
- Hámarksárangur í námi með ADHD – verkefnabók (2009 útgefin af Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur – útgáfuréttur keyptur 2021)



Mynd 2 Bækur sem samtökin eru með í sölu

2.3 Fræðslu- og kynningarmyndbönd

Í tilefni af alþjóðlegum ADHD vitundundarmánuði árið 2020 létu samtökin framleiða ný kynningarmyndbönd um ADHD. Myndböndin fengu frábærar viðtökur, vöktu mikla athygli og hafa verið í stöðugu áhorfi. Í aðdraganda vitundarmánaðar árið 2021 tók RUV myndböndin til sýningar í línulegri dagskrá sinni.

2.4 Endurskinsmerki ADHD Samtakanna

Hefðbundin fjáröflun hófst að venju í októbermánuði enda sá mánuður alþjóðlegur ADHD vitundarmánuður. Merkin eru sem áður með teikningum eftir **Hugleik Dagsson** og með hverju merki fylgir örbæklingur sem inniheldur helstu upplýsingar um ADHD. Til að marka upphaf vitundarmánaðar afhenti **Hrannar B. Arnarsson** framkvæmdastjóri samtakanna Forsætisráðherra, **Katrínu Jakobsdóttur** fyrsta endurskinsmerki ársins 2021. Vegna Covid-19 faraldursins reyndist ekki unnt að selja merkin eins víða og venjan er.



Mynd 3 Endurskinsmerki ársins 2021, til vinstri og Hrannar B. Arnarsson framkvæmdastjóri samtakanna ásamt Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.

3 Starfsemi ársins

3.1 Styrkir

ADHD samtökin fengu umtalsverða styrki á yfirstandandi ári sem m.a. voru ætlaðir til reksturs samtakanna í því skyni að unnt væri að halda uppi hefðbundinni þjónustu, ráðgjöf, sinna fræðslumálum og efla námskeiðshald ásamt því að auka við starfsemi samtakanna á landsbyggðinni. Þúsundir einstaklinga og fyrirtækja lögðu samtökunum þannig lið.

Stærri styrkir bárust meðal annars frá Félags- og barnamálaráðuneyti, Heilbrigðismálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, ÖBÍ, Hlöllabátum, Reykjanesapóteki, Borgarnesi, Grindavík og saumakonunum Sigurlaugu og Erlu.

Á árinu fengu samtökin skráningu í almennaheillaskrá Ríkisskattsstjóra og verða öll frjálsl framlög til samtakanna þar með frádrættarbær frá skatti, í samræmi við ný lög þar um.

3.2 Hvatningarverðlaun ADHD Samtakanna

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna voru veitt í fyrsta sinn á árinu, en þau eru ætluð hverjum þeim sem með mikilsverðum hætti hefur lagt sitt fram til bæta lífsgæði fólks með ADHD á Íslandi. Verðlaunin má veita til einstaklinga, félagasamtaka, stofnanna, fyrirtækja eða hverskyns lögaðila.

Fyrsti handhafi verðlaunanna er **Urður Njarðvík**, prófessor við Háskóla Íslands og tók hún á móti þeim við hátíðlega athöfn á ráðstefnu ADHD samtakanna í lok vitundarmánaðarins. Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti henni verðlaunin ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni, formanni ADHD samtakanna.



Mynd 4 Urður Njarðvík fyrsti handhafi hvatningarverðlauna ADHD Samtakanna. Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti henni verðlaunin ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni, formanni ADHD samtakanna.

Allt rannsóknarstarf Urðar á sviði ADHD hefur beinst að því að bæta hag barna og fólks með ADHD, leiða í ljós hvernig ADHD tengist öðrum geðrænum vanda og hegðun, ásamt því að benda á atriði sem leita má eftir þegar greiningar eru gerðar og finna bestu stuðnings- og meðferðarleiðir. Rannsóknir Urðar hafa m.a. beinst að kvíða hjá börnum og leitt í ljós að börn með ADHD eru sérstaklega útsett fyrir kvíða.

Urður er því félögum í ADHD samtökunum að góðu kunn og hefur margsinnis haldið fyrirlestra á vegum samtakanna, á málþingum og námskeiðum. Hún hefur verið óþreytandi að fræða bæði fagfólk og almenning um ADHD, og auka þannig skilning á ADHD og þörfum fólks með

ADHD, einkum barna með ADHD og vinna þannig gegn fordómum tengdum ADHD. Urðar hefur m.a. beint sjónum sínum að þyngdarvanda barna, einhverfu og ADHD og fleiri fylgiraskana, þá ekki síst kvíða og þunglyndi.

Urður Njarðvík er svo sannarlega vel að þessari viðurkenningu komin og sem þakklætisvott veittu samtökin henni heiðurskjal þess til staðfestingar ásamt listaverki eftir **Tolla**, sem listamaðurinn lagði til í tilefni þessara fyrstu hvatningarverðlauna ADHD samtakanna.

3.3 Kjóstu ADHD

Í aðdraganda alþingiskosninga sem haldnar voru 25. september kappkostuðu ADHD samtökin með ýmsum hætti að koma málefnum fólks með ADHD á dagskrá stjórnmalanna. Helstu áhersluatriði stjórnarinnar voru fjögur:

1. Eyða biðlistum eftir greiningum og meðferð
2. Greiður aðgangur að meðferðarúrræðum um allt land
3. Almenn greiðsluþátttaka vegna þjónustu sálfræðinga
4. Fræðsla um ADHD, aðrar raskanir og fötlun í skyldumám kennara

Áhersluatriði samtakanna voru kynnt með ýmsum hætti, m.a. með greinaskrifum, fjölmiðlaviðtölum og auglýsingum á samfélagsmiðlum en auk þess var öllum framboðum til Alþingis sent formlegt bréf þar sem kallað var eftir skriflegum svörum um hugmyndir framboðanna til að koma til móts við áherslur samtakanna. Framboðunum var einnig boðið að kynna sjónarmið sín á opnum fundi ADHD samtakanna um efnið, sem haldin var 4. september sem einn af dagskrárliðum Fundar fólksins. Fundurinn bar yfirskriftina Biðlistar eða besta land í heimi - kjósum ADHD! og mættu fulltrúar frá flestum stjórnmalasamtökum til leiks. Formaður ADHD samtakanna, **Vilhjálmur Hjálmarsson**, og formaður Sálfræðingafélags Íslands, **Tryggvi Guðjón Ingason**, fluttu einnig stutt ávörp.



Mynd 5 Logo verkefnisins Kjóstu ADHD

Einnig áttu ADHD samtökin góð samtöl og samstarf við ÖBÍ, Geðlæknafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands varðandi sameiginlega hagsmuni félaganna.

3.4 Biðlistana burtu – nýtt fyrirkomulag greininga og þjónustu hins opinbera

Óhætt er að segja að mikill tími og orka hafi farið í að þrýsta á bætt fyrirkomulag á greiningum og þjónustu hins opinbera við fólk með ADHD. Auk formlegs samráðs við heilbrigðisráðuneytið undanfarin á hafa samtökin beitt sér fyrir breytingum með greinarskrifum, ályktunum, fjölmiðlaviðtölum og ýmiskonar þrýstingsaðgerðum gagnvart stjórnvöldum, enda hafa biðlistar lengst ár frá ári og ástandið orðið óboðlegt með öllu. Allt að þriggja ára bið eftir greiningum fullorðinna og tveggja ára bið hjá börnum.

Það var því afar ánægjulegt, að í vikunni fyrir kosningar tilkynnti heilbrigðisráðherra, **Svandís Svavarsdóttir** um nýtt fyrirkomulag greininga fullorðinna og veglegt aukaframlag vegna greininga barna, sem hvorutveggja ætti að byggja upp til framtíðar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, en með öflugri þjónustu um allt land. Þó enn eigi eftir að sjá hvernig þetta nýja fyrirkomulag muni reynast og hvort nægilegt fjármagn muni fylgja til að eyða þeim biðlistum sem myndast hafa á síðustu árum, er hér um mikilvægan áfangasigur að ræða. Samtökin hafa og munu fylgja því verkefni fast eftir þar til þjónustan verður fullnægjandi.

3.5 Námskeið og fræðsla

Námskeiðahald jókst umtalsvert frá fyrra ári, þrátt fyrir Covid-19, og aukin áhersla var á þátttöku í gegnum fjarfundarlausnir. Nýtt námskeið hóf göngu sína á árinu, TÍA – tómsundur, íþróttir og ADHD, sem sérstaklega er ætlað þjálfurum, tómsundafulltrúum og starfsfólki skóla, íþróttafélaga og tómsundamiðstöðva sem vinna með börnum með ADHD.

Á liðnu ári sóttu um 320 einstaklingar skipuleg námskeið samtakanna, þar af 175 (56%) búsettir í Reykjavík. Auk þess voru haldin námskeið í samstarfi við fræðslumiðstöðvar á Suðurlandi og Suðurnesjum, sem hátt í 80 einstaklingar sóttu. Alls sóttu því um 400 einstaklingar námskeið á vegum samtakanna á liðnu ári.

Auk námskeiðanna skipulögðu samtökin fjölda einstakra fyrirlestra á vegum fyrirtækja, stofnanna, skóla og félagasamtaka um allt land og hefur sú þjónusta samtakanna vaxið umtalsvert á liðnum árum.

Þá var einnig hafin vinna við gerð vefnámskeiðs, Áfram veginn, fyrir fullorðna með ADHD.

ADHD samtökin eru um þessar mundir að vinna að rafrænni foreldrafærniþjálfun sem byggist upp á stuttum 20 mínútna þáttum. Þar er farið yfir einkenni ADHD ásamt æfingum og hagnýtum ráðum sem henta vel við uppeldi barna með ADHD. Efnið verður aðgengilegt á vefsíðu samtakanna. Þættirnir gagnast einnig fagfólki sem hefur áhuga á að bæta við þekkingu sína á ADHD. Íslenska vinnuheitið er „Kærleikur í kaos.“

Þau námskeið sem ADHD samtökin buðu upp á árið 2021 eru:

3.5.1 Ég get

Sjálfsstyrkingarnámskeið ætlað unglíngum með ADHD og miðast aldur þátttakenda við efri bekkir grunnskóla þ.e. börn á aldrinum 13-16 ára. Námskeiðið stendur yfir í 10 vikur og er ætlað báðum kynjum.

3.5.2 Taktu stjórnina

Færninámskeið fyrir fullorðna en námskeiðið telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 4 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins en námskeiðið hefur verið haldið reglulega undanfarin ár. Námskeiðið er m.a. nýtt að skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

3.5.3 Áfram stelpur

Færninámskeið sem þróað var eftir óskum félagsmanna um námskeið sem sérstaklega væri ætlað konum með ADHD. Námskeiðið telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 4 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins og hefur það fengið afar góðar viðtökur. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.



Mynd 6 Námskeið ársins 2021

3.5.4 Foreldranámskeið

Að venju var boðið upp á fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD, annarsvegar fyrir aldurshópinn 6-12 ára og hins vegar 13-18 ára. Námskeiðið nær yfir tvo laugardaga og er ávallt vel sótt. Fyrirlesarar eru allir sérfræðingar í málefnum ADHD og búa yfir gríðarmikilli reynslu á því sviði. Námskeiðin eru bæði aðgengileg í gegnum streymi og á staðnum.

3.5.5 TÍA – tómstundir, íþróttir og ADHD

Nýtt fræðslunámskeið fyrir þjálfara og starfsfólk íþróttafélaga, tómstundamiðstöðva og skóla um samskipti og samstarf við börn með ADHD. Leiðbeinendur voru **Vanda Sigurgeirsdóttir**, **Jakob Frímann Þorsteinsson** og **Bóas Valdórsson**. Námskeiðið var bæði aðgengilegt í gegnum streymi og á staðnum.

4 Ytri markaðsetning

4.1 Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar spila æ ríkara hlutverk í upplýsingamiðlun samtakanna. Nú starfrækja ADHD samtökin sjö Facebook síður (útibúin og aðalsíðan) og eina Instagram síðu og koma auk þess með virkum hætti að starfi sjö öflugra Facebook hópa um ýmis málefni.

Fylgjendum samtakanna á Facebook fjölgaði um 29% á árinu og voru þeir 14.900 í lok árs. Fylgjendum á Instagram fjölgaði um 74% og voru þeir um 1.400 í lok árs. Þátttakendur í þeim spjallhópum sem samtökin koma að fjölgaði einni gríðarlega en þar eru um 30.000 þátttakendur samanlagt.

4.2 ADHD í Beinni

Spjallfundir ADHD samtakanna í hefðbundinni mynd féllu oft niður vegna Covid-19 og þess í stað var í auknum mæli notast við rafrænar lausnir. Facebook síðan „ADHD í beinni“ nýttist því vel, þar sem streymt var viðburðum samtakanna s.s. fundum og fyrirlestrum. Ofangreint svæði er opið fyrir alla skuldlausu félagsmenn samtakanna.



Mynd 7 Merki ADHD í Beinni

4.3 Lífið með ADHD

Lífið með ADHD - hlaðvarp ADHD samtakanna var starfrækt allt árið. Þar birtust viðtöl við einstaklinga sem glíma við ADHD á einn eða annan hátt sem og fagmenn um málefni ADHD. Viðmælendur úr öllum áttum þjóðlífsins miðluðu af reynslu sinni og sögðu frá gleði, sorgum og sigrum ásamt því að deila með áhorfendum fjölbreyttum og oft á tíðum meinfyndnum lífsreynslusögum. Umsjón þáttanna var í höndum **Karitas Hörpu Davíðsdóttur** og **Bóasar Valdórssonar**, sem undur lok ársins tók einn yfir umsjón hlaðvarpsins. Lífið með ADHD er að finna á vefsíðu samtakanna adhd.is og öllum helstu hlaðvarpsveitum.



Mynd 8 Hlaðvarp samtakanna, Lífið með ADHD

4.4 Málþing

Í tilefni af alþjóðlegum vitundarmánuði fólks með ADHD héldu samtökin opið málþing í lok október, venju samkvæmt. Yfirskrift málþingsins var „Orkuboltar og íþróttir“ og var því ætlað að varpa ljósi á stöðu einstaklinga með ADHD í íþróttá- og tómstundastarfi.

Á málþinginu, sem haldið var á Grand Hótel og var vel sótt, voru kynntar ýmsar nýjar leiðir sem farnar hafa verið í nálgun og vinnu með börnum með ADHD en börn með ADHD standa frammi fyrir ýmsum áskorunum þegar litið er til íþróttá- og tómstundaiðkunar. Nýtt námskeið ADHD samtakanna, TÍA- tómstundir, íþróttir og ADHD var kynnt auk þess sem fjallað var um nokkrar nýstárlegar þjálfunarleiðir sem gefið hafa góða raun í vinnu með börnum með ADHD.



Mynd 9 Yfirskrift málþingsins – Orkuboltar og íþróttir

Á málþinginu voru Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í fyrsta sinn en þau hlaut **Urður Njarðvík**, eins og nánar er fjallað um á öðrum stað í skýrslu þessari.


Mennta- og menningarmálaráðherra, **Lilja D Alfreðsdóttir** setti málþingið ásamt formanni samtakanna, **Vilhjálmí Hjálmarssyni** en þingstjóri var **Gunnar Helgason**, rithöfundur, sem einnig las úr nýrri bók sinni um dreng með ADHD – „Alexander Daníel Hermann Dawidsson, BANNAD AÐ EYÐILEGGJA“ .

4.5 Fjölmíðlaumfjöllun

Samtökin standa fyrir og hafa áhrif á að fjallað sé um efni er snerta málaflokkinn með ýmsum hætti. Formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og sérfræðingur úr stjórn samtakanna sátu reglulega fyrir svörum og voru áberandi í fjölmíðlum, bæði útvarpi og sjónvarpi, þegar málefni tengd ADHD röskuninni voru til umræðu.

Samkvæmt samantekt Creditinfo á fjölmíðlaumfjöllun um samtökin, jókst hún lítillega milli ára – jókst talsvert á vefmiðlum en dróst lítillega saman í prent- og ljósvakamiðlum – sjá nánar hér:

Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmíðla árið 2021



Þróun fjölda fréttu árið 2021 samanborið við 2020

Línuritíð hér fyrir neðan sýnir þróun fjölda birtra fréttu um fyrirtæki hjá öllum miðlum. Í töflunni má svo sjá niðurbrot á gögnum.



	2020	2021
Netmiðlar	34	47
Prentmiðlar	17	15
Sérvefir	8	8
Sjónvarp/Útvarp	2	1
Samtals	61	71

Mynd 10 Umfjöllun um samtökin eða málefni einstaklinga með ADHD á árinu 2021

4.6 Ályktanir og umsagnir

Stjórn samtakanna sendi frá sér nokkrar ályktanir og umsagnir á árinu:

Ályktanir og áskoranir:

Janúar	Breyttum inntökuskilyrðum í lögreglunám fagnað – ályktun stjórnar.
Maí	Krefjumst aðgerða – ályktun aðalfundar um óviðunandi stöðu þjónustu hins opinbera við fólk með ADHD.
September	Áskorun og spurningar til framboða til Alþingis um helstu áherslumál ADHD samtakanna.

Umsagnir og athugasemdir:

Janúar	Umsögn um farsældarfrumvarpið
Febrúar	Umsögn um félags-og tómstundastarf
Febrúar	Athugasemdir við þjónustu sérfræðilækna
Febrúar	Umsögn um barnaverndarlög
Maí	Umsögn um endurskoðun aðalnámsskrár grunnskóla
Maí	Athugasemdir varðandi félagasamtök
Júní	Umsögn um aðgerðaráætlun vegna stefnu um tómstunda-og félagsstarf barna og ungmenna
Júní	Umsögn um framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030
Desember	Umsögn um fjárlög 2022

4.7 Landsbyggðin

ADHD samtökin hafa undanfarin ár stóraukið starfsemi sína á landsbyggðinni, bæði með stofnun útibúa og aukinni rafrænni starfsemi. Á árinu voru stofnuð útibú á Suðurlandi, Suðurnesjum og á Vesturlandi en fyrir eru starfandi útibú á Norðurlandi, Vestmannaeyjum og á Austurlandi. Nú starfa því sex útibú á landsbyggðinni þar sem boðið er uppá spjallfundi og ýmiskonar samskipti sem ætlað er að styrkja samfélag fólks með ADHD á svæðunum.



Mynd 11 Merki útibúa ADHD samtakanna

5 Samstarf

5.1 Norrænt samstarf

ADHD samtökin hafa um árabíl verið aðilar að norrænu samstarfi og er það samtökunum afar mikilvægt að vinna með frændþjóðum okkar að ýmsum sameiginlegum verkefnum og stefnumótun. Ekki voru haldnir fundir á yfirstandandi ári sökum Covid-19.

Á árinu urðu nýstofnuð grænensk samtök hluti af ofangreindu samstarfi og hafa ADHD samtökin á Íslandi verið þeim sérstaklega innan handar í formi ráðgjafar og annars stuðnings.

5.2 ADHD Europe

Samtökin eru meðlimir í ADHD Europe og er framkvæmdastjóri samtakanna, **Hrannar B. Arnarsson** stjórnarmaður í samtökunum. Auk Hrannars starfa ýmsir úr stjórn og starfsfólk samtakanna í ráðum og nefndum ADHD Europe.



Mynd 12 Lógó ADHD Europe

5.3 Samstarf og starfshópar

Fulltrúar ADHD samtakanna sátu í starfshópum á vegum Félags- og barnamálaráðuneytisins sem var liður í undirbúningi að frumvarpi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

ADHD samtökin unnu ótullega að breytingum á inntökuskilyrðum til náms í lögreglufræðum í samvinnu við Mennta- og starfspróunarsetur lögreglunnar. Samtökin töldu að einstaklingar með ADHD greiningar ættu ekki sjálfkrafa að vera útilokaðir frá námi í lögreglufræðum, eins og verið hafði, og fengust ásættanlegar breytingar á skilyrðunum.

Einnig hafa fulltrúar ADHD samtakanna unnið ótullega með Öryrkjabandalagi Íslands í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Formaður samtakanna, **Vilhjálmur Hjálmarsson**, er formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál og situr sem slíkur í

stjórn ÖBÍ, fyrrum formaður samtakanna og núverandi starfsmaður **Elín Hinriksdóttir** er formaður málefnaþóps ÖBÍ um málefni barna situr í situr jafnframt í stjórn ÖBÍ (án atkvæðisréttar og **Bergþór Þórðarson**, varamaður í stjórn samtakanna, gegnir varaformennsku í ÖBÍ. Þá situr framkvæmdastjóri samtakanna í málefnaþópi um atvinnu-og menntamál og fulltrúi samtakanna gegnir einnig störfum í laganefnd ÖBÍ.

Samtökin eru aðili að Almannaheillum og situr framkvæmdastjóri samtakanna þar í stjórn.

Sem einn af stofnaðilum ráðgjafarmiðstöðvar Sjórnarhóls skipa samtökin fulltrúa í stjórn þeirra og gegnir framkvæmdastjóri samtakanna nú formennsku í stjórn Sjórnarhóls.

5.4 Helstu áherslur

Stór hluti af starfsemi samtakanna varðar hagsmunagæslu. Undanfarið ár hefur þetta einkum snúið að lyfjaumræðu, þjónustu geðlækna- og sálfræðinga og annarra atriða er snerta réttindi einstaklinga með ADHD, til að mynda rétt þeirra til náms.

Grafalvarlegt ástand hefur skapast hjá fullorðnum einstaklingum með ADHD þar sem skortur á geðlæknum er mikill og þeir sem starfandi eru taka ekki að sér fleiri skjólstæðinga. Samkvæmt leiðbeiningum Embætti landlæknis mega eingöngu þeir sem eru undir eftirliti geðlæknis hefja lyfjameðferð. ADHD teymi LSH sinnti einnig greiningu og meðferð á fullorðnum með ADHD en rúmlega þriggja ára bið var eftir því úrræði.

Börn sem bíða eftir greiningu á þroska- og hegðunarstöð standa einnig frammi fyrir miklum vanda því biðlistinn er orðinn allt að 18 mánuðir. Hafa ber í huga að meðan beðið er getur vandi barnsins undið upp á sig og orðið illviðráðanlegur. Ógreint og ómeðhöndlað ADHD bitnar ekki eingöngu á barninu sjálfu heldur fjölskyldunni allri og því er deginum ljósara að börn geta ekki beðið mánuðum saman. Auka þarf fjármagn til þroska- og hegðunarstöðvar og þar með gera stöðinni kleift að eyða biðlistum. Um leið þarf að búa svo um hnútanna að nægir fjármunir og mannaflí sé til staðar svo hægt sé að veita þjónustu, þeim sem til stöðvarinnar leita, innan þriggja mánaða eftir að beiðni berst.

Samtökin hafa um langt skeið vakið athygli á slæmu aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og hefur ástandið hingað til verið óviðunnandi en á liðnu ári keyrði um þverbak. Það var því afar ánægjulegt að í vikunni fyrir kosningar tilkynnti heilbrigðisráðherra um nýtt fyrirkomulag greininga fullorðinna og veglegt aukaframlag vegna greininga og þjónustu við börn með ADHD, eins og nánar er fjallað um á öðrum stað í skýrslu þessari.

Eins og að ofan greinir er því miður staðreynd að löng bið er eftir sálfræðiþjónustu hjá hinu opinbera. Því leita margir foreldrar í örvæntingu sinni eftir þjónustu sem veitt er af sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Nú er svo komið að þeir anna ekki eftirspurn og hjá mörgum hverjum er allt upp undir 1 árs biðlisti. Að auki eru ekki allir foreldrar í þeirri stöðu að hafa fjárhagslegt bolmagn til að leita til sjálfstætt starfandi sérfræðinga sem gerir það að verkum að ekki njóta öll börn sömu þjónustu og stór hópur barna er skilinn eftir.

Sömu sögu má segja um aðstæður fullorðinna en framboð á sálfræðiþjónustu fyrir fullorðna einstaklinga með ADHD er engu betri.

ADHD samtökin hafa um langt skeið barist fyrir því að sálfræðiþjónusta verði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta og hún verði felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands eins fljótt og auðið er. Snemmbært aðgengi að greiningu og sálfræðimeðferð mun án efa draga verulega úr öllum kostnaði, hvort heldur átt er við fjárhagslegan kostnað samfélagsins eða þann mannlega kostnað sem einstaklingurinn þarf að bera. Sálfræðiþjónusta getur oftast en ekki verið nauðsynleg til að hjálpa viðkomandi að verða fullgildur þátttakandi í samfélaginu og um leið gera honum kleift að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

Á árinu var unnið með yfirvöldum að smíði frumvarps um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og var það samþykkt fyrir kosningar. Þar er að finna ýmsar framfarir í málefnum barna ásamt því að skýra alla verkferla og mikil áhersla lögð á samfellu í þjónustu og snemmtæka íhlutun. Mikilvægt er að fylgja vel eftir innleiðingu laganna á næstu árum.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að koma inn almennri fræðslu um ADHD í menntastofnanir landsins og ekki síst inn í grunnskólum kennara. Með réttum kennsluáðferðum er hægt að bæta verulega líðan barna með ADHD í skóla, íþróttum og öðru frístunda starfi. Í þessu samhengi má reyndar benda á að „sértækar lausnir“ hvað þetta varðar reynast oft ekki sértækari en svo að breytingin gagnast heildinni betur.

6 Starfsmannamál

Starfsmenn samtakanna voru í lok árs þrjú talsins.

Hrannar Björn Arnarsson framkvæmdastjóri í 100% starfi.

Elín Hoe Hinriksdóttir sérfræðingur í 100% starfi.

Guðni Rúnar Jónasson, verkefnastjóri skrifstofu í 100% starfi.

Á árinu störfuðu einnig hjá samtökunum um nokkurra mánaða skeið **Anna Rós Jensdóttir** og **Árdís Rut Einarsdóttir**.

Líkt og fyrri ár lögðu stjórnarmenn á sig talsverða vinnu fyrir samtökin í þeim verkefnum sem fyrir lágu. **Linda Hrönn Sigfúsdóttir** stóð vaktina hjá ADHD Norðurlandi, **Ása Ingibergsdóttir** og **Ásta Björk Guðnadóttir** hjá ADHD Eyjum, **Sigurlín H. Kjartansdóttir**, **María Hjálmarsdóttir** og **Tinna Halldórsdóttir** fyrir ADHD Austurland, **Drífa Pálín Geirs**, **Charlotte Sigríð**, **Elín María Þorvarðardóttir**, **Inga Dóra Ragnarsdóttir** og **Thelma Lind Guðmundsdóttir** fyrir ADHD Suðurland, **Björn S. Traustason**, **Fríða Stefánsdóttir** og **Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir** fyrir ADHD Suðurnes og **Josefina Morell**, **Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir** og **Lilja Gréta** fyrir ADHD Vesturland. Framlag þeirra er mikils virði fyrir samtökin en öll þeirra vinna er unnin í sjálfboðastarfi.

7 Stjórn samtakanna

Aðalfundur samtakanna var haldinn þann 29. apríl 2021. Fyrir lá að formaður félagsins, **Elín Hinriksdóttir** gaf ekki kost á sér til endurkjörs, þar sem hún hafði lokið lögbundnum starfstíma formanns samkvæmt lögum samtakanna – þrjú heil kjörtímabil. Þá hafði **Anna Rós Jensdóttir** sagt sig frá stjórnarstörfum á tímabilinu og **Hákon Helgi Leifsson** og **Svanhvít Bragadóttir** gáfu ekki kost á sér áfram. Þeim voru færðar þakkir fyrir störf sín fyrir samtökin.

Í samræmi við lög samtakanna var því kjörið um formann, varaformann og tvö sæti í aðalstjórn, annað til ársins 2022 en hitt 2023 og tvö í sæti varamanns, annað til ársins 2022 en hitt 2023, en stjórn ADHD samtakanna skipa sjö aðalmenn og tveir til vara.

Stjórnin samtakanna árið 2021-2022 var þannig skipuð:

Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður (kosin til aðalfundar 2023)

Jóna Kristín Gunnarsdóttir, varaformaður (kosinn til aðalfundar 2023)

Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri (kosin til aðalfundar 2022)

Sólveig Ásgrímsdóttir, ritari (kosin til aðalfundar 2022)

Sigrún Jónsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2022)

Bóas Valdórsson, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2023)

Ása Ingibergsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2022)

Varamenn :

Tryggvi Axelsson, (kosin til aðalfundar 2022)

Bergþór Heimir Þórðarson, (kosin til aðalfundar 2023)


Stjórn samtakanna fundaði 12 sinnum á liðnu ári, yfirleitt fyrsta mánudag í hverjum mánuði.



Mynd 13 Stjórn ADHD Samtakanna árið 2021-2022

Samþykkt á stjórnarfundum 30. mars 2022.


F.h. stjórnar,



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður



Ársreikningur



ADHD samtökin

**Ársreikningur
2021**

ADHD samtökin
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
590588-1059

Óendurskoðaður ársreikningur

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2021

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	8
Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna	5	Sjóðstreymi	10
Áritun endurskoðenda	6	Skýringar	11
Rekstrarreikningur	7		

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2021

ADHD samtökin eru félagasamtök. Voru þau stofnuð á árinu 1988. ADHD samtökin eru landssamtök til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Þrátt fyrir talsverða röskun á starfsemi samtakanna vegna COVID-19 gekk reksturinn vel og samtökin héldu áfram að vaxa. Félagsmönnum fjölgaði úr 3088 í 3616 eða um 17%. Starfsemin var að miklu leyti flutt á netið þar sem mikil og góð þátttaka var á ýmsum viðburðum og viðskipti í gegnum vefverslun samtakanna jókst talsvert. Fylgjendur samtakanna á Facebook eru nú 14.912 og fjölgaði um ríflega 29% á árinu.

Á árinu voru stofnuð ný útibú samtakanna á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum auk þess sem útibúin í Vestmannaeyjum, Austurlandi og á Akureyri héldu úti starfsemi eins og mögulegt var vegna COVID. Hlaðvarp samtakanna, Lífið með ADHD hélt áfram göngu sinni, spjall- og fræðslufundir voru haldnir eins og aðstæður leyfðu og árlegur vitundarmánuður var haldinn með hefðbundnu sniði, að þessu sinni með áherslu á tómsundur, íþróttir og ADHD. Í aðdraganda alþingiskosninga beittu samstökkin sér með margvíslegum hætti fyrir baráttumálum samtakanna og þau ánægjulegu tímamót urðu fyrir kosningarnar, að tilkynnt var um stóraukið fjármagn til greininga og þjónustu við fólk með ADHD og nýtt fyrirkomulag þjónustunnar við fullorðna. Á árinu voru Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í fyrsta sinn og veitti Urður Njarðvík þeim viðtöku við hátíðarlega athöfn. Á árinu keyptu samtökin útgáfurétt bókanna Hámarksárangur í námi með ADHD og verkefnabók með sama nafni. Nýtt námskeið, TÍA - tómsundur, íþróttir og ADHD hóf göngu sína og umtalsverð aukning var á öðrum námskeiðum á vegum samtakanna.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga. Við gerð ársreiknings er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Að áliti stjórnar ADHD samtakanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2021, afkomu árið 2021 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu störfuðu að meðaltali rúmlega 3 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 36,9 millj. kr. Að auki greiddi félagið 868 þús. kr. í bifreiðastyrk og 8,8 millj. kr. í launatengd gjöld. Á árinu greiddu samtökin 2,8 millj. kr. í verktakagreiðslur til stjórnarmanna vegna námskeiða og spjallfunda.

Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum. Þann 29.04.2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrrum framkvæmdastjóra til að greiða samtals 9,2 millj. kr. auk málskostnaðar 168 þús. kr. auk dráttarvaxta. Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra hefur því verið færð niður í samsvarandi fjárhæð í gegnum eigið fé. Landsréttur hefur staðfest dóminn.

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu 2021 að fjárhæð 11,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 56,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum.


Stjórn ADHD samtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

Reykjavík, 15 mars 2022


Stjórn:


Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður


Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri


Bóas Valdórsson



Jóna Kristín Gunnarsdóttir, varaformaður


Sólveig Ásgrímsdóttir, ritari


Sigrún Jónsdóttir

Ása Ingibergsdóttir

Frankvæmdastjóri:


Hrannar Arnarsson

Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Ársreikningur 2021

Við höfum yfirfarið ársreikning ADHD samtakanna fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við höfum látið ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakana á árinu 2021 og efnahag þess 31. desember 2021 í samræmi við lög og samþykktir þeirra og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 15 mars 2022

Bryndís Snæbjörnsdóttir

Bryndís Snæbjörnsd.
kt. 250168-5199

Elisabet Marteinsdóttir

Elisabet Marteinsdóttir
210179-5269

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur 2021

Til stjórnar og félagsmanna ADHD samtakanna.

Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ADHD samtakanna fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ADHD samtakanna á árinu 2021, efnahag þann 31. desember 2021 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Við viljum benda á að ekki er fyrirliggjandi hver innheimtanleiki krafna á fyrrum framkvæmdastjóra er. Ef ekki næst að innheimta kröfurnar þá mun eigið fé lækka um samsvarandi fjárhæð. Við höfum ekki kannað árið 2016 og fyrr.

Reykjavík, 15 mars 2022

APaL ehf.

Sigríður Arnarsel.

Rekstrarreikningur 2021

Ársreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Tekjur	2, 10	103.440.865	93.584.418
Aðrar tekjur	11	7.908.168	0
		<u>111.349.033</u>	<u>93.584.418</u>
Rekstrargjöld			
Fræðsla, kynningar og fjáröflun	12	38.646.732	34.142.401
Laun og launatengd gjöld	13	48.394.490	32.119.119
Húsnæðiskostnaður	14	2.464.191	2.034.479
Annar rekstrarkostnaður	15	10.474.018	8.676.821
		<u>99.979.431</u>	<u>76.972.820</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		<u>11.369.602</u>	<u>16.611.598</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	16	361.767	136.023
Fjármagnsgjöld	17	(124.130)	(261.177)
		<u>237.637</u>	<u>(125.154)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>11.607.239</u></u>	<u><u>16.486.444</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2021

		Eignir	
	Skýr.	2021	2020
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign	18	6.504.733	6.504.733
Fastafjármunir samtals	5, 18	<u>6.504.733</u>	<u>6.504.733</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		6.172.000	3.585.000
Viðskiptakröfur	6	2.035.298	2.395.620
Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra	7	9.381.376	9.381.376
Handbært fé	8	41.184.060	29.936.429
		<u>58.772.734</u>	<u>45.298.425</u>
	Eignir samtals	<u><u>65.277.467</u></u>	<u><u>51.803.158</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

31. desember 2021

Ársreikningur 2021

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2021	2020
Eigið fé			
Stofnfé		4.621.194	4.621.194
Óráðstafað eigið fé		51.656.408	40.049.169
	19	<u>56.277.602</u>	<u>44.670.363</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		8.999.865	7.132.795
		<u>8.999.865</u>	<u>7.132.795</u>
	Skuldir samtals	<u>8.999.865</u>	<u>7.132.795</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>65.277.467</u></u>	<u><u>51.803.158</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Yfirlit um sjóðstreymi 2021

Ársreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma		11.607.239	16.486.444
Veltufé frá rekstri		11.607.239	16.486.444
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun	(2.587.000)	(685.000)
Skammtímakröfur, lækkun		360.322	213.303
Skammtímaskuldir, hækkun		1.867.070	823.972
Handbært fé frá rekstri		11.247.631	16.838.719
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		0	(6.955.712)
Kröfur á fyrrum framkvæmdastjóra, breyting		0	519.145
		0	(6.436.567)
Hækkun á handbæru fé		11.247.631	10.402.152
Handbært fé í upphafi ársins		29.936.429	19.534.277
Handbært fé í lok ársins		41.184.060	29.936.429

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2021

Almennar upplýsingar

ADHD samtökin eru skráð á Íslandi. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík. Ársreikningur félagsins er fyrrið árið 1. janúar til og með 31. desember 2021.

Félagið var stofnsett á árinu 1988. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Innlausn tekna

2. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og framlögum, félagsgjöldum, seldum námskeiðum, bókum og vörum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið, að undanskyldum félagsgjöldum sem eru til tekna við innheimtu.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

4. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand. Eignin er ekki afskrifuð á líftíma hennar.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði. Félagsgjöld sem innheimtast í upphafi næsta árs eru færð meðal krafna. Einnig er meðal krafna styrktarloforð sem ógreidd eru um áramót.

Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra

7. Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum. Þann 29.04.2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrrum framkvæmdastjóra til að greiða samtals 9,2 millj. kr. auk málskostnaðar 168 þús. kr. auk dráttarvaxta. Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra hefur því verið færð niður í samsvarandi fjárhæð í gegnum eigið fé.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Handbært fé

8. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádrögnum yfirdrætti á bankareikningum.

Skuldbindingar

9. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarreikningur

Tekjur

	2021	2020
10. Tekjur samtakanna skiptast með eftirfarandi hætti:		
Styrkir	40.513.891	48.513.487
Framlög frá Ríkissjóði	25.000.000	15.000.000
Framlög frá Öryrkjabandalagi Íslands	7.400.000	8.363.636
Styrkir sveitarfélaga	3.051.650	1.808.500
Evrópuverkefni Childs talks	1.747.448	0
Styrkur vegna námskeiða	0	1.100.000
Framlög vegna Reykjavíkumaraþons	156.720	267.009
Styrkur vegna útgáfu bæklinga	400.000	500.000
	<u>78.269.709</u>	<u>75.552.632</u>
Félagsgjöld	8.229.500	6.469.143
Námskeið	10.170.500	3.944.555
Fyrirlestrar og fræðsla	360.000	900.000
	<u>10.530.500</u>	<u>4.844.555</u>
Vörusala og seldar bækur	4.963.468	4.515.730
Endurskinsmerki	1.445.269	2.656.790
Jóla kort og minningarkort	2.419	32.000
Útskattur vegna samkeppnisrekstrar	0	(486.432)
	<u>6.411.156</u>	<u>6.718.088</u>
Tekjur samtals	<u>103.440.865</u>	<u>93.584.418</u>
11. Aðrar tekjur		
Styrkur vegna starfsþjálfunar	7.908.168	0

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

	2021	2020
12. Fræðsla, kynningar og fjáröflun:		
Kostnaður við námskeið	13.871.134	3.396.987
Málþing	60.000	0
Spjallfundir	955.286	440.508
Ráðstefnur	1.055.498	24.155
Markaðs- og fræðslukostnaður	2.991.018	2.310.835
Myndbönd	120.000	4.430.350
	<u>19.052.936</u>	<u>10.602.835</u>
Kostnaður við fjáröflun, vörusölu og sölu bóka skiptist með eftirfarandi hætti:		
Aðkeypt þjónusta við fjáröflun	14.953.503	17.998.063
Kostnaðarverð seldra vara	3.882.987	1.634.767
Bókaútgáfa	1.622.870	2.107.090
Eignfærðar birgðir	(2.587.000)	(685.000)
Útgáfa bæklinga	1.087.823	245.320
Burðargjöld	633.613	2.239.326
	<u>19.593.796</u>	<u>23.539.566</u>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	<u>38.646.732</u>	<u>34.142.401</u>
<i>Laun og launatengd gjöld</i>		
13. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun	36.935.971	23.916.727
Áunnið orlof	1.800.000	1.570.910
Ökutækjastyrkur	868.334	600.000
Lífeyrissjóður	5.570.794	3.854.435
Tryggingagjald	2.645.878	1.801.569
Önnur launatengd gjöld	573.513	375.478
	<u>48.394.490</u>	<u>32.119.119</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	3,5	2,5

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

<i>Rekstrarkostnaður</i>	2021	2020
14. Húsnæðiskostnaður		
Rekstur sameignar	1.018.164	1.018.164
Fasteignagjöld	211.068	210.516
Viðhald húsnæðis	157.224	378.104
Salarleiga	499.000	302.000
Leiga á skrifstofu	450.000	0
Annar rekstrarkostnaður fasteignar	128.735	125.695
	<u>2.464.191</u>	<u>2.034.479</u>
15. Annar rekstrarkostnaður		
Þroskahjálp hlutdeild í launum	423.832	0
Árgjöld	123.672	34.680
Fundakostnaður	714.349	371.428
Samskiptakostnaður	362.346	279.201
Skrifstofuvörur	675.418	1.138.983
Áhöld og tæki	1.129.659	1.257.554
Rekstur tölvukerfis	211.673	147.140
Rekstur heimasíðu	402.193	472.401
Bókhaldsþjónusta og gerð ársreiknings	2.720.715	2.447.550
Aðkeypt þjónusta	1.012.190	182.500
Lögfræðikostnaður	297.600	571.057
Verkefni um erfðagjafir	164.762	67.218
Dagpeningar	155.590	0
Ferðakostnaður	490.582	109.187
Annar starfsmannatengdur kostnaður	215.773	177.780
Banka- og þjónustugjöld	1.328.234	1.412.892
Annar kostnaður	45.430	7.250
	<u>10.474.018</u>	<u>8.676.821</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Rekstrarkostnaður, framhald

Fjármunatekjur

16. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtatekjur	361.767	136.023
-------------------	---------	---------

Fjármagnsgjöld

17. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld langtímalána	0	162.455
Önnur vaxtagjöld	45.452	69.568
Fjármagnstekjuskattur	78.678	29.154
	<u>124.130</u>	<u>261.177</u>

Varanlegir rekstarfjármunir

18. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

2020

Heildarverð 01.01.	6.504.733	Fasteign
Bókfært verð 31.12.	<u>6.504.733</u>	

2021

Heildarverð 01.01.	6.504.733	
Bókfært verð 31.12.	<u>6.504.733</u>	

Eignarhluti í fasteigninni Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, fastanúmer F2500026 og F2246700 nemur 6% á hvoru fastanúmeri. Fasteignamat eignarinnar nemur 12,4 millj. kr. og brunabótamat 18,5 millj. kr. Eignin er veðbandslaus.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Eigið fé

19. Yfirlit um eigið fé:

2020	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	4.621.194	26.448.617	31.069.811
Niðurfærð krafa á fyrrum framkvæmdastjóra		(2.885.892)	(2.885.892)
Hagnaður ársins		16.486.444	16.486.444
Eigið fé 31.12.	4.621.194	40.049.169	44.670.363
2021			
Eigið fé 01.01.	4.621.194	40.049.169	44.670.363
Hagnaður ársins		11.607.239	11.607.239
Eigið fé 31.12.	4.621.194	51.656.408	56.277.602